



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Innviðaráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 20. júlí 2023

2307017SA VRB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að samgönguáætlun, S-112/2023

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 13. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038.

Heilt yfir tekur sambandið undir þá framtíðarsýn og þær áherslur sem tiltekna eru í áætluninni. Sambandið leggur áherslu á að ráðuneytið taki tillit til eftirfarandi atriða áður en gengið verður endanlega frá samgönguáætlun til framlagningar á Alþingi:

- Horft verði til áherslna heimafólks við forgangsörðun verkefna í einstökum landshlutum. Bæði landshlutasamtök og einstök sveitarfélög skila inn umsögnum við áætlunina og leggur sambandið mikla áherslu á að tekið verði tillit til þeirra sjónarmiða sem þar er að finna.
- Auknu fjármagni verði varið til vetrarþjónustu vega utan þéttbýlis með það að markmiði að aðlaga þjónustuna að þörfum samfélagsins og atvinnulífs. Trygg og góð vetrarþjónusta er ein af grunnforsendum þess að markmið áætlana ráðuneytisins, um að innviðir mæti þörfum samfélagsins og sjálfbærar byggðir og sveitarfélög um allt land, verði náð.
- Bætt verði við áætlunina verkefni um að viðmiðunarreglur Vegagerðarinnar um kostnaðarþátttöku sveitarfélaga vegna snjómoksturs verði teknar til endurskoðunar í samvinnu við sveitarfélögin.
- Efling almenningssamganga um allt land er ein af áherslum í áætluninni. Bæði í fyrirbyggjandi drögum og núgildandi samgönguáætlun eru fjölmörg verkefni er snúa að almenningssamgöngum. Sambandið leggur mikla áherslu á að þau verkefni er lúta að því að bæta þjónustu í heildstæðu kerfi almenningssamganga um allt land verði sett í forgang.
- Sambandið óskar eftir að í kafla um aðgerðir tengdar umhverfislega sjálfbærum samgöngum verði bætt verkefni um endurskoðun viðmiða og leiðbeininga varðandi hjóla- og göngustíga með það að markmiði að stuðla að greiðari uppbyggingu.

- Loftbrúarverkefnið er mikilvægt verkefni sem ánægjulegt er að sjá að áfram verði stutt við. Sambandið óskar þó eftir að bætt verði við áætlunina verkefni um að gerð verði úttekt á kerfinu með það að markmiði að lagfæra framkomna vankanta og auka gæði þjónustunnar.
- Sambandið óskar eftir að bætt verði við áætlunina verkefni um gerð viðmiða um kostnaðarskiptingu framkvæmda, s.s. þegar um er að ræða nauðsynlegar mótvægisáðgerðir vegna umhverfis eða íbúa.

Að lokum ítrekar sambandið þá áskorun til ráðuneytisins að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem fram koma í umsögnum landshlutasamtaka og einstakra sveitarfélaga.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valgerður Rún Ben.

Valgerður Rún Benediktsdóttir
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs